

# Úrskurður

## áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 2/2003

**Nettengsl ehf.**

**gegn**

**samkeppnisráði**

### I.

Með bréfi, dags. 28. febrúar 2003, hafa Nettengsl ehf. kært ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/2003, frá 28. janúar 2003. Áfrýjunarnefndin taldi vafa leika á því hvort kæra áfrýjanda hefði borist nefndinni innan kærufrests samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og var það atriði því tekið til úrskurðar sérstaklega.

Málið var flutt skriflega fyrir nefndinni um þennan þátt málins. Áfrýjandi krefst þess að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar. Fyrir áfrýjunarnefndinni gerði samkeppnisráð kröfu um frávísun.

### II.

Málavextir eru þeir að með erindi til Samkeppnisstofnunar, dags. 1. júlí 2002, óskaði áfrýjandi eftir því að stofnunin tæki til athugunar hvort rekstur fjármálaráðuneytisins á vefnum Starfatorgi (starfatorg.is) fyrir hið opinbera samræmdist tilteknum ákvæðum samkeppnislaga. Um málsmæðferð samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar víast til hinnar kærðu ákvörðunar. Á fundi samkeppnisráðs þann 28. janúar 2002 var erindi áfrýjanda tekið fyrir og afgreitt með ákvörðun nr. 3/2003, þar sem kröfum áfrýjanda var hafnað. Ákvörðunarorðin eru svohljóðandi:

„Samkeppnisráð mun ekki hafast frekar að í máli þessu.“

Ákvörðun samkeppnisráðs var boðsend til lögmanns áfrýjanda þann 30. janúar 2002. Starfsmaður lögmannsstofu hans tók við ákvörðuninni og kvittaði fyrir

móttöku sama dag. Kæra áfrýjanda, dagsett 28. janúar 2003, undirrituð af lögmanninum, barst á starfsstöð ritara nefndarinnar sama dag.

### III.

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að samkvæmt fordænum áfrýjunarnefndar samkeppnismála og 1. mgr. 8. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, teljist upphafstími frestsins vera næsta dag eftir móttöku ákvörðunar samkeppnisráðs. Í þessu máli hafi það verið föstudagurinn 31. janúar 2003, en kæran hafi verið móttokin föstudaginn 28. febrúar 2003 og ætti því að teljast vera komin innan fjögurra vikna frá móttöku ákvörðunar samkeppnisráðs.

Af hálfu samkeppnisráðs er vísað til þess að áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi í nokkrum málum skýrt ákvæði 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga, sbr. m.a. úrskurð í máli nr. 5/2001 *Hönnun hf. gegn samkeppnisráði*. Samkvæmt þessum skýru fordænum áfrýjunarnefndar hafi kærufresturinn í þessu máli byrjað að að líða 31. janúar 2003 og fresturinn runnið út 27. febrúar 2003. Hafi því verið liðinn lögmæltur kærufrestur er kæra Nettengsla ehf. barst nefndinni og beri því að vísa kærunni frá.

### IV.

#### Niðurstöður.

Fyrir liggur skrifleg staðfesting skrifstofu lögmanns áfrýjanda um móttöku boðsendrar ákvörðunar samkeppnisráðs í máli þessu 30. janúar 2003. Ekki er ágreiningur um það í máli þessu, að ákvörðunin hafi verið réttilega birt.

Í 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er tekið fram, að skrifleg kæra á þess háttar ákvörðun skuli hafa borist áfrýjunarnefnd samkeppnismála “innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.” Gefur ákvæðið, sem hefur að þessu leyti sjálfstætt gildi gagnvart stjórnsýslulögum nr. 37/1993, ekki heimild til neinna frávika frá þeirri reglu.

Um viðmiðun upphafs kærufrests á þessu sviði, sem ekki er kveðið sérstaklega á um í samkeppnislögum, skal hér fylgt fyrirmælum 1. mgr. 8. gr. stjórnsýslulaga, en samkvæmt því hófst kærufrestur í máli þessu næsta dag eftir fyrnefnda móttöku ákvörðunar samkeppnisráðs, og er upphafstími frestsins því 31. janúar 2003. Kærufresti lauk 4 vikum eða 28 dögum síðar, þ.e. 27. febrúar 2003.

Fyrir liggur í málinu, að kærubréfið barst ekki ritara nefndarinnar fyrr en degi síðar, þ.e. 28. febrúar 2003, og verður við það miðað hér. Var þá liðinn lögmæltur kærufrestur vegna umræddrar ákvörðunar samkeppnisráðs. Ber því að vísa kæru þessari frá áfrýjunarnefndinni.

### **Úrskurðarorð.**

Kæru Nettengsla ehf. vegna ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 3/2003 er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 24. mars 2003.

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir